

Fundur hjá Hverfaráði Stokkseyrar 23.01. 2020

Mætt eru: Guðný Ósk, Hafdís, Björg, Svala og Atli Marel Vokes sviðsstjóri mannvirkja- og umhverfissviðs.

1. Sjómannadagurinn – rædd tillaga frá Braga um að sameina Sjómannadaginn og Bryggjuhátið, skiptar skoðanir. Spurning hvort ekki væri hægt að hafa dagskrána við íþróttahúsið þannig að þeir sem sækja sjómannadagskaffi mæti þá frekar. Eins kom tillaga um að uppfæra/breyta dagskránni.
2. Ljós á bryggju – gott að fá ljós en þyrfti að lýsa niður á bryggjuna en ekki flóðlýsing á þorpið.
3. Siglingamerki – minnum á að það þarf að halda þeim við.
4. Smíðastofan í BES – þarf að setja upp girðingu við húsið, þannig að það sé mörkuð og girt gönguleið fyrir nemendur. Hafa komið upp atvik þar sem bílum er ekið of hratt inn götuna og það skapast hætta fyrir börnin.
5. Hundagerði – Hverfaráð fagnar því að hundagerði sé komið á dagskrá og samþykkir staðsetninguna sem fyrirhuguð er.
6. Ljósastaurar – Mikið ólag á ljósastaurum í þorpinu – mikið um að staurar séu að detta út.
7. Leikvöllur á Tjarnarstíg – þarf nauðsynlega að gera úrbætur á honum. Mikil fjölgun á börnum í hverfinu og þau hafa sjálf verið að kvarta yfir honum.
8. Gangstéttir – þarf nauðsynlega að endurnýja gangstétt upp Stjörnusteina, hún er hættuleg, ójöfn og mjó. Hverfaráð bendir á að á Stokkseyri finnast gömul hverfi/gamlar götumyndir og gaman væri að sjá þar gert svipaða götumynd og búið er að gera á Eyrarbakka.
9. Sundlaug Stokkseyrar – sjúkraflutningar hafa kvartað yfir að erfitt sé að komast með börur inn og út úr sundlaugarhúsinu, Hverfaráð leggur til að þegar nýtt grindverk verður sett upp þá verði sett hlið á það til að auðvelda aðgengi sjúkraflutninga. Á veturna er aðeins einn starfsmaður á vakt og Hverfaráð spyr hvort það sé leyfilegt. Upp hafa komið atvik þar sem starfsmaður hefur orðið sinna veikindum gesta og því ekki getað sinnt öðrum verkefnum á meðan og annað þar sem að starfsmaður rann til og slasaði sig, lá ósjálfbjarga og þá engin til að taka við.
10. Atli kynnir sitt svið.
11. Gimli – 100 ára á næsta ári. Hverfaráð biður að eitthvað sé gert fyrir húsið, t.d. málað.

12. Ærslabelgur – Atli spyr hvar Hverfaráð myndi vilja að hann yrði settur og Hverfaráð leggur til að það yrði í Þuríðargarði.
13. Hverfaráð vill að bletturinn í kringum Þuríðarbúð sé nefndur Þuríðargarður og það sem kallist Þuríðargarður í dag fái nýtt nafn.
14. Netfang – Hverfaráð spyr um netfangið sem gefið er upp á heimasíðunni, ráðið hefur engan aðgang af því.